

Sp.

175. Fyrirspurn

[162. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fangelsisvist geðsjúkra.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Telur ráðherrann það samrýmast lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, að geðsjúkt fólk sé vistað í fangelsum eins og tíðkað er?
2. Hve margir geðsjúkir einstaklingar eru nú vistaðir í fangelsum þó að þeir hafi verið úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðveiki?
3. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að geðsjúkir einstaklingar, sem gerast brotlegir við lög vegna sjúkdóms síns, fái nauðsynlega læknismeðferð?